

Fyrsti eigandi Nathan og Olsen
kaupmenn

Hönnun Guðjón Samúelsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Banki



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning sementsléttað
Þakgerð Brotapak(mansard)
Þakklæðning Hellur
Undirstöður

Útlit

Fjórlyft
Kjallari
Turn
Kvistir
Ris

Helstu breytingar

1930 Nýr kjallari
1941 Viðbygging
1954 Ný klæðning/ þak
1956 Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Sigurður Guðmundsson arkitekt

Saga

Fyrsta hús á lóðinni var reist árið 1831 en það brann árið 1915. Fyrirtæki Nathans og Olsens eignaðist lóðina árið 1916 og hóf byggingu núverandi húss. Guðjón Samúelsson, síðar Húsameistari ríkisins, gerði uppdrætti að húsinu. Þetta var frumraun Guðjóns í hönnun stórhýsis. Húsið var fullgert árið 1918. Við byggingu hússins voru reyndar nýjar tæknilegar aðferðir og mikið vandað til innréttinga. Á stignum er marmari og upp með honum höggmyndir eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, sem sýna myndir af mönnum sem mikil áhrif höfðu á verslunarsögu landsins. Þegar Reykjavíkrapótek flutti í húsið árið 1930 voru flutt í húsið tvö eirlíkneski eftir Thorvaldsen sem áður stóðu á þaki gamla apóteksins við Thorvaldsenstræti 6.

Í upphafi var Landsbankinn með afgreiðslu sína í húsinu á meðan gert var við hús bankans eftir brunann 1915. Frá árunum 1924 til 1929 var veitingastofa Rosenbergs í húsinu og árið 1930 flutti Reykjavíkrapótek í húsið. Apótekið var í húsinu til ársins 1999. Bæjar- og borgarskrifstofur voru í húsinu frá 1929 og þar til Ráðhúsið var tekið í notkun. Frímúrarareglan hafði samkomusal í húsinu og enn má sjá merki þeirra á einum af kvistum hússins.

Þegar apótekið flutti inn í húsið var það allmikið endurbætt. Sigurður Guðmundsson arkitekt teiknaði innréttingar í apótekið og eru þær friðaðar. Árið 1999 hófst veitingarekstur í húsinu að nýju og voru þá innréttingarnar teknar niður og settar í geymslu. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari skar út myndir á útidyráhurð aðalinngangs. Þær eru sex talsins og sýna

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Norræn þjóðleg rómantík með júgendáhrifum.

Menningarsögulegt gildi: Fyrsta verk höfundar. Sterk tengsl við sögu verslunar og þjónustu á svæðinu.

Umhverfisgildi: Glæsilegt steinsteypuhús frá 2. áratug 20. aldar í miðbænum. Setur sterkan svip á umhverfið.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið er friðað skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og tekur friðunin til ytra borðs, stígaganga að sunnan og innréttinga í apóteki.**

Fyrsti eigandi Pétur Halldórsson
bóksali

Hönnun Gísli Halldórsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Verslun



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypt
Klæðning Ómúrað
Þakgerð
Þakklæðning Steypt
Undirstöður

Útlit

Kjallari
Einlyft

Helstu breytingar

1965 Hækkun
1966 Hækkun

Hönnuðir breytinga

Gísli Halldórsson arkitekt
Gísli Halldórsson arkitekt

Saga

Fyrsta hús á lóðinni var reist árið 1820 og var nefnd *Nærkonuhúsið* eða *Jordemoderhúsið*, því þar bjó ljósmóðir bæjarins. Það hús var rífið 1876 og nýtt steinhús hlaðið úr holtagrjóti reist í staðinn. Það var tvílyft á kjallara með hellulögðu valmaþaki. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar var rekin í húsinu frá 1920.

Steinhúsið var rífið árið 1960 og hafist var handa við að byggja sex hæða hús úr steinsteypu sem reis í áföngum á árunum 1961 - 1966.

Verslun Eymundssonar er enn starfrækt í húsinu. Efsta hæð hússins er inndregin með svölum. Jarðhæð er byggð út til suðurs og er verslunin í því rými.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Tengist verslunarsögu Reykjavíkur.

Umhverfisgildi: Lítið gildi. Framandi í götumyndinni.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Sýslumaðurinn í Gullbringu og Kjósarsýslu

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, stökkverk
Klæðning	Timbur
Pakgerð	Mænispak
Pakkklæðning	Timbur
Undirstöður	Hlaðnar úr grjóti

Útlit

Ris
Einlyft

Helstu breytingar

1833	bakaríð sameinað
1862	Viðbygging
1906	Inngönguskúr
1932	Viðb. gluggabreyt.
1932	Útlitsbreyting
1932	Atv.húsn. innr.
1938	Viðbygging
1943	Viðbygging
1957	Gluggabr. ný klæð.
1957	Viðbygging
1958	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Einar Erlendsson	arkitekt
Einar Erlendsson	arkitekt
Einar Erlendsson	arkitekt
Sigurður Guðmundsson	arkitekt
Þór Sandholt	arkitekt
Sig. Pjeturss. Jón S. Richards.	arkitekt
Sig. Pjeturss. Jón S. Richards.	arkitekt
Sig. Pjeturss. Jón S. Richards.	arkitekt

Saga

Húsið er að stofni til frá 1805 og er því meðal elstu húsa í Reykjavík. Það var jafnan kallað *Svenska húsið* og mun það hafa komið af því að húsið var flutt hingað tilhöggvið frá Svíþjóð. Það var reist sem embættisbústaður fyrir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Vestan við húsið var hið svonefnda *Bökunarhús*. Það byggði O.P.Chr. Möller kaupmaður og hafði fyrstur manna brauðbakstur fyrir almenning. Árni Thorsteinsson landfógeti eignaðist húsin árið 1861. Hann lét gera tvílyfta viðbyggingu við austurenda hússins árið 1862 og sama ár var byggt fjós á lóðinni.

Húsið var fyrst brunavirt árið 1874 og kemur þá fram að geymsluhús var áfast við íbúðarhúsið. Geymsluhúsið má vera pakkhúsið frá 1844 eða jafnvel bökunarhúsið sem hefði þá bæði verið lengt og breikkað. Í virðingu frá 1906 hafa húsin verið sameinuð. Árið 1932 var komin skúr við austurgafi hússins og annar á milli aðalhússins og geymsluskúrsins. Inngangi inn í húsið var breytt svo og gluggum á framhlið. Árið 1943 voru veitingaskálar úr timbri og gleri byggðir við suðurhlið aðalhússins og í krikanum milli skála og húss. Fjölskylda Árna Thorsteinssonar átti húsið fram til 1931 er KFUM eignast það. Árið 1932 var því breytt í kaffihús. Einlyftur skáli var byggður suður úr húsinu 1957 og 1958 var gluggum á neðri hæð breytt og húsið klætt utan með mósaíflísum. Þar var lengi til húsa þekktur veitingastaður, *Hressingarskálinn*. Árið 1985 voru enn gerðar á húsinu breytingar, gluggum breytt og kaffihús innréttað að nýju samkvæmt teikningum Valgerðar Matthíasdóttur arkitekts. Árið 1995 var samþykkt niðurrið á skúrnum frá 1931 (virtur 1932). Sjá einnig umfjöllun um Austurstræti 20b. Á baklóð hússins er miðig fallapur skráðgerður sem fjölskylda Árna Thorsteinssonar raktaði af miðilli.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Timburhús af dansk-íslenskri gerð.

Menningsögulegt gildi: Tengist sögu upphafs byggðar á svæðinu. Embættisbústaður, þekkt veitingahús á 20. öld.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götmyndina. Einn elsti garður í Reykjavík á baklóð hússins.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislugildi: Húsið var friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Það er friðað vegna aldurs skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.

Fyrsti eigandi Ísleifur Einarsson
Dómari í Landsyfírrétti

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Prestakóli, íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	bolhúsgerð
Klæðning	tjörguð borð
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	
Undirstöður	Hlaðnar

Útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1874	Inngönguskúr
1915	Gluggabreyting
1915	Útlitsbreyting
1915	Atv.húsn. innr.
1918	Kvistur
1918	Viðbygging
1921	Viðbygging
1926	Viðbygging
2007	Bruni

Hönnuðir breytinga

Finnur Thorlacius	arkitekt
Finnur Thorlacius	arkitekt
Finnur Thorlacius	arkitekt

Saga

Húsið er eitt elsta hús miðbæjar Reykjavíkur. Húsið reisti Ísleifur Einarsson, dómari í landsyfírrétti árið 1801 og fékk hann 250 ríkisdali í verðlaun úr konungssjóði fyrir bygginguna. Stuttu síðar bjó Trampe greifi, stiftamtmaður yfir Íslandi, í húsinu. Þegar Trampe keypti húsið var framkvæmd virðing á húsinu og því lýst. Trampe gerði miklar endurbætur á húsinu. Hann klæddi það allt og málaði að innan. Hann lét setja nýja eldstó í eldhúsið og þurfti 700 nýja múrsteina til verksins. Þessi eldstó leit aftur dagsins ljós um 1970 en hún hafði verið þiljuð af árið 1915. Hann lét einnig setja nýja klæðningu á þak og vesturgöfl, laga vatnsbretti, smíða gluggahlera og setja skrautlegan umbúnað á framdyr hússins. Vestan við húsið var lokaður garður, steinlagður. Þar voru hesthús, kamar og eldiviðarskúrar. Í þessu húsi var Trampe handtekinn af Jörundi hundadagakonungi árið 1809, sem sjálfur settist að í húsinu. Árin 1820 - 1871 var landsyfírréttur í húsinu og eftir það Prestaskólinn til ársins 1911. Frá 1915 hefur verið verslað í því, fyrst Haraldur Árnason og lét hann gera ýmsar breytingar á húsinu. Gluggar á framhlið voru stækkaðir og settur kvistur í gegnum húsið. Við austur- og vesturenda hússins voru byggðar útbyggingar, kallaðar skemmur, þar sem voru sýningargluggar verslunarinnar. Á árunum 1920 og 1925 voru byggðir skúrar til suðurs inn á lóðina. Húsið var lengi skreytt útskurði í eins konar drekastíl. Mikið hefur verið byggt við húsið en stærðir eru óbreyttar síðan 1926.

Þrátt fyrir miklar ytri breytingar á húsinu þá hefur það ótvírætt varðveislugildi enda hefur það haldið að mestu sínu ytra formi, sem er mikilvægt. Húsið er einstakt í byggingarsögu borgarinnar og ber vitni um elstu byggingarlist Reykjavíkur í

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Timburhús af danskri gerð.

Menningsögulegt gildi: Eitt elsta hús Reykjavíkur.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götumyndina.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt frá upprunalegri gerð en heldur þó upprunalegri lögun sinni.

Varðveislugildi: **Húsið var friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Það er friðað vegna aldurs skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001**

Fyrsti eigandi P. C. Knudtson
kaupmaður

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timburgrind
Klæðning Timbur
Þakgerð
Þakklæðning Timbur
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1875 Viðbygging
1882 Hækkun
1980 Hækkun

Hönnuðir breytinga

Jóhannes S. Kjarval arkitekt

Saga

Húsið reisti P. C. Knudtson kaupmaður árið 1852. Um skeið bjó þar dómprófasturinn í Reykjavík, séra Ólafur Pálsson, og dró það þá nafn sitt af því, *Prófastshúsið*. Það var í upphafi einlyft. Árið 1871 keypti Sigfús Eymundsson ljósmyndari og bóksali húsið og bjó hann þar og rak ljósmyndastofu sína og bókaerslun. Húsið var stækkað og hækkað í áföngum á árunum 1875 - 1882 er það hafði að mestu fengið á sig núverandi mynd. Tvær geymslur voru virtar á lóðinni árið 1874, ein árið 1894 og sú þriðja árið 1929. Árið 1900 var virtur skúr á lóðinni. Um 1985 var húsinu breytt og fékk það þá núverand útlit.

Húsið var lengi kennt við Sigfús Eymundsson og kallað *Eymundssonhúsið*. Bókaverslun Eymundsson er enn rekin í Austurstræti. Síðan átti það Haraldur Árnason kaupmaður. Um tíma var þar matsala stúdenta "*Mensa Academica*".

Þetta hús er líklega fyrsta húsið sem byggt var sem hornsneitt hús í Reykjavík. Þetta er einnig fyrsta lóðin í Reykjavík sem var seld.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Hornhús af dansk-íslenskri gerð.

Menningsögulegt gildi: Tengist sögu ljósmyndunar og verslunar í borginni.

Umhverfisgildi: Hluti af umgjörð Lækjatorgs og mikilvægt sem hornhús. Kennileiti í miðborg Reykjavíkur.

Upprunaleg gerð: Húsinu hefur verið breytt mikið frá upphafi en hefur nú verið fært til eldra hörf.

Varðveislugildi: **Lagt er til að húsið verði friðað skv. lögum um húsafríðun.**
Eitt helsta kennileiti í miðbæ Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi Baugur Group hf.

Hönnun Guðni Pálsson
arkitektUpphafleg notkun
Verslun og skrifstofur**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
 Klæðning
 Pakgerð
 Pakklæðning
 Undirstöður

Útlit

Ris
 Kjallari
 Fjórlyft

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Þessi lóð tilheyrði áður Austurstræti 22b. Þar reis Nýja bíó árið 1920 og var það fyrsta hús sem byggt var sem kvikmyndahús á Íslandi. Höfundur þess var Finnur Thorlacius arkitekt. Á efri hæðinni var kaffihús en í kjallaranum veitingastaður Rosenbergs. Inngangur að húsinu var frá Austurstræti. Á árunum 1945 - 47 var reist viðbygging austan við húsið, við Lækjargötu og var þá kvikmyndasalurinn lengdur. Það hús var 5 hæða steinhús eftir Ágúst Steingrímsson, Hörð Bjarnason og Gunnlaug Pálsson. Bæði þessi hús brunnu árið 1998 og var núverandi hús reist á lóðinni árið 2000.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nútíma byggingarlist.

Menningarsögulegt gildi: Húsið hefur lítið gildi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur lítið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislu þessa húss.

Fyrsti eigandi Hið íslenska
bókmenntafélag

Hönnun Ormar Þór Guðmundsson,
Örnólfur Hall, arkitektar

Upphafleg notkun
Íbúðarhús, verslun



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Ris
Kjallari
Svalir
Fimmlyft
Kvistir
Útskot

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Fyrsta hús á lóðinni var byggt árið 1852 og var það fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið í Reykjavík. Húsið var flutt á Árbæjarsafn árið 1988 og endurbyggt þar. Það var opnað almenningi árið 1997. Núverandi hús var reist árið 1992.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nútíma byggingarlist.

Menningarsögulegt gildi: Húsið hefur lítið gildi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur lítið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Magnús Th. S. Blöndahl
forsmiður

Hönnun Magnús Th. S. Blöndahl
forsmiður

Upphafleg notkun
Íbúðar- og atvinnuhúsnæði



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Pakgerð Mænisþak
Pakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Port
Kvistir
Svalir
Útskot
Kjallari

Helstu breytingar

1915 Kvistur
1918 Kvistur

Hönnuðir breytinga

Saga

Magnús Th. S. Blöndahl var mikilvirkur forsmiður og byggði mörg hús í Reykjavík. Húsið er talið höfundarverk hans. Hann keypti hús sem áður stóð á lóðinni ásamt Guðmundi og Guðjóni Gamalielssonum. Eldra húsið var byggt árið 1865 af Jóni Þorkelssyni Latínuskólakennara. Síðar bjuggu þar Helgi Hálfðánarson prestaskólakennari og Eggert Briem sýslumaður. Magnús keypti síðan alla lóðina af þeim Guðjóni og Guðmundi um 1907. Árið 1910 seldi hann Guðmundi Gamalielssyni Lækjargötu 6a. Hann verslaði með bækur í kjallaranum og var bókbandsverkstæði í viðbyggingu við vesturhlið hússins. Árið 1915 bætti Guðmundur einum kvisti á vesturhliðina og 1918 lét hann byggja þrjá kvisti á austurhlið hússins.

Lækjargata 6a og 6b er í raun tvö sambyggð hús. Þegar húsið var byggt hefur það eflaust verið ætlun manna að meðfram Lækjargötu yrði röð ámóta hárra húsa. Áhrifa júgendstíls gætir í gluggagerð hússins sem þótti nýstárleg á þeim tíma. Lækjargata 6a og 6b var eitt stærsta og reisulegasta húsið í Reykjavík þegar það var nýbyggt. Húsið hefur bæði skipulags- og byggingarsögulegt gildi, auk þess sem það brúar á eðlilegan máta stærðarmun hússins að Lækjargötu 4 og minni húsa við Skólalabru.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Bárújárnssveitser með júgendáhrifum.

Menningsögulegt gildi: Skipulags- og byggingarsögulegt gildi vegna nýstárlegs byggingarlags borgarhúsa.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götummynd Lækjargötu. Hluti af þegar mótuðu umhverfi.

Upprunaleg gerð: Ytra byrði hússins er lítið breytt frá upphaflegri gerð, nema kvistir (1918).

Varðveislugildi: **Lagt er til að húsin nr. 6a og 6b njóti verndar í dökkgulum flokki, sem mikilvægur hluti götummyndar Lækjargötu að vestanverðu. Allar breytingar á húsunum eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001 vegna aldurs.**

Fyrsti eigandi Magnús Th. S. Blöndahl
forsmiður

Hönnun Magnús Th. S. Blöndahl
forsmiður

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Pakgerð	Mænisþak
Pakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris
Port
Útskot

Helstu breytingar

1907	Eldra hús rífið
1916	Kvistur
1916	Svalir
1916	Endurbætur
1928	Viðbygging
1929	Gluggabreyting
1945	Gluggabreyting
1969	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Lækjargata 6a og 6b er tvískipt en þó reist sem eitt hús. Þegar húsið var byggt hefur það eflaust verið ætluð manna að meðfram Lækjargötu yrði röð ámóta hárra húsa. Áhrifa jügendstíls gætir í gluggagerð hússins sem þótti nýstárleg á þeim tíma.

Í húsinu voru lengi verslanir og íbúðir. Syðri hluta þess hefur verið breytt á þann veg að gólf á fyrstu hæð var hækkað og gluggar í kjallara voru stækkaðir.

Lækjargata 6b var eitt stærsta og reisulegasta húsið í Reykjavík þegar það var nýbyggt. Húsið hefur bæði byggingarsögulegt gildi og skipulagslegt, auk þess sem það brúar á eðlilegan hátt stærðarmun hússins að Lækjargötu 4 og minni húsa við Skólalbrú.

Varðveislumat:

Listránt gildi: Bárujárnssveitser með jügendáhrifum.

Menningarsögulegt gildi: Skipulags- og byggingarsögulegt gildi vegna nýstárlegs byggingarlags borgarhúsa.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götumynd Lækjargötu. Hluti af þegar mótuðu umhverfi.

Upprunaleg gerð: Ytra byrði hússins er lítið breytt frá upphaflegri gerð, nema kvistir sem lýta það.

Varðveislugildi: Lagt er til að húsin nr. 6a og 6b njóti verndar í dökkgulum flokki, sem mikilvægur hluti götumyndar Lækjargötu að vestanverðu. Allar breytingar á húsunum eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001 vegna aldurs.

Fyrsti eigandi Jónas Jónassen
læknir

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Hellur
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Kvistir

Helstu breytingar

1870	Viðbygging
1883	Ný klæðning
1917	Ný klæðning
1917	Inngönguskúr
1940	Gluggabreyting
1955	Útlitsbreyting
1996	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Þorlákur Ófeigsson	
Bárður Daníelsson	arkitekt
Guðni Pálsson	arkitekt

Saga

Húsið byggði Jónas Jónassen læknir, síðar landlæknir árið 1870. Ýmsar nýjungar voru í gerð hússins. Stór kvistur var í gegnum húsið og óvenju hátt til lofts. Húsið var því fremur stórt. Einnig var það nýmæli að inngangur var á gaffli hússins. Herbergjaskipan var því ekki lengur samhverf um inngang á framhlið eins og áður hafði tíðkast í timburhúsum. Á þessum árum hafði sveitserstíllinn haldið innreið sína í Noregi og ber þetta hús með sér ýmis einkenni þess stíls í húsagerðarlist. Þetta mun því vera elsta hús á landinu sem ber einkenni sveitseris, þó ekki sé hægt að kalla það hreint sveitserhús. Árið 1883 var búið að klæða austurhlið og suðurgafli með skífuklæðningu. Þegar húsið var virt árið 1917 var það járnlætt á allar hliðar og með helluþaki. Við vesturhliðina var inngönguskúr. Vestar á lóðinni var skúr hólfaður í hesthús, hænsahús og heygeymslur. Árið 1937 var búið að breyta hesthúsinu í fundar- og skemmtisal. Inngönguskúrinn var rifinn árið 1946. Árið 1996 voru skúrar vestan við húsið rifnir og ný viðbygging reist á sama stað.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Timburhús, blanda af dansk-íslenskri gerð og sveitserstíl.

Menningsögulegt gildi: Eitt af fyrstu húsum sem reist er með stórum kvisti í gegnum húsið. Íbúðarhús landlæknis.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götumynd Lækjargötu og Skólabrúar.


Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: **Lagt er til að húsið verði friðað samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Húsið myndar ásamt Lækjargötu 10 umgjörð um Skólabrú gagnvart Lækjargötu. Mikilvægt hús vegna aldurs síns og samhengis við hús við Skólabrú og Dómkirkju.**

Fyrsti eigandi Þorsteinn Tómasson
járnsmiður

Hönnun Jónas og Magnús Guð-
brandssynir, steinsmiðir

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Hlaðið úr steini
Klæðning	Kalksléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Hellur
Undirstöður	Hlaðnar úr grjóti

Útlit

Einlyft
Kjallari
Ris

Helstu breytingar

?	Inngönguskúr
1884	Viðbygging
?	Inngönguskúr
1905	Kvistur
?	Kj.gl. breytt í dyr
1992	Endurbætur
1993	Endurbætur
1998	Endurbætur
2000	Atv.húsn. innréttað Ásmundur Jóhannsson, ARKO bygg.fr.
2001	Sp. breytt innra skipulag

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið byggði Þorsteinn Tómasson járnsmiður á árunum 1877-1878, á lóð norðan við bæinn Lækjarkot. Steinsmiðirnir Jónas og Magnús Guðbrandssynir hlóðu húsið og eru líklega einnig höfundar þess. Húsið var allt hlaðið úr íslensku grágrýti sem fengið var úr Skólavörðuholti, en kalkið til bindingar kom úr Esjunni. Er þetta eitt elsta íbúðarhúsið úr slíku byggingarefni í borginni. Árið 1884 var húsið lengt til suðurs og gerður inngangur með steintröppum á austurhlíð. Einnig var þá búið að gera inngönguskúr úr grjóti við vesturhlíð, en fyrir var inngangur á norðurgafli. Eftir það voru tvær íbúðir í húsinu og ekki innangengt milli þeirra. Árið 1905 var búið að setja kvist í gegnum húsið og þá voru komnir á það tveir inngönguskúrar, báðir við vesturhlíð. Einhvern tímann síðar hefur kjallaraglugga verið breytt í dyr, en að öðru leyti er húsið lítið breytt. Afkomendur Þorsteins Tómassonar bjuggu í húsinu fram yfir 1980 en þar hófu einnig rekstur nokkur fyrirtæki sem enn eru starfandi. Árið 1879 var *Ísafoldarprentsmiðja* þar til húsa og var þá sett þar upp fyrsta hraðpressan hérlendis. *Breiðfjörðsblikksmiðja* hóf starfsemi í húsinu árið 1902 og *Sindri* árið 1924. Árin 1904-1922 var verslunin *Breiðablik* í kjallara hússins en síðar var þar skóvinnustofa. Árið 1991 var húsið friðað að ytra byrði og hafa síðan verið gerðar ýmsar endurbætur sem hafa m.a. miðað að því að færa glugga til upprunalegs horfs. Einnig hafa verið gerðar nokkrar breytingar innanhúss og íbúðarhúsnæðinu verið breytt í veitingahús. Húsið er eitt af þeim fáum sem til eru eftir íslenska steinsmiði frá 19. öld.

Varðveislumat:

Listrænt gildi:

Hlaðið steinhús.

Menningsögulegt gildi:

Eitt elsta íbúðarhús úr hlöðnu grágrýti í Reykjavík og eitt af fáum sem til eru eftir ísl. steinsmiði.

Umhverfisgildi:

Mikilvægur hluti af götumynd Lækjargötu og umhverfi Skólalbrúar og dómkirkjunnar.

Upprunaleg gerð:

Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Húsið er friðað skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra byrðis.

Fyrsti eigandi Almennar Tryggingar**Hönnun** Gísli Halldórsson
arkitekt**Upphafleg notkun**
Atvinnuhúsnæði**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

ÚtlitRis
Kjallari**Helstu breytingar**

1976 Bruni

Hönnuðir breytinga**Saga**

Um miðja 19. öldina voru lóðirnar Pósthússtræti 9 og 11 ein og sama lóðin. Fyrsta hús á lóðinni var reist árið 1847 af Hallgrími Scheving yfirkennara við Latínuskólann. Óli P. Finsen hafði póstafréttislausu í húsinu frá 1872 og dregur gatan nafn sitt af því. Húsið var flutt í Skerjafjörð árið 1928 og síðan þaðan að Brúnavegi 8.

Þegar Hótel Borg var byggt 1928 var lóðinni skipt upp og nyrsti hluti hennar varð sérstök lóð, Pósthússtræti 9. Þá stóð þar einlyft hús með flötu þaki. Þar var verslunin *Nora Magasin* í mörg ár. Það var rífið 1958 og byggt í skarðið milli hótelsins og apóteksins sex hæða hús. Þegar Hótel Borg var byggt var það gert að skilyrði að byggja ætti á lóðinni í samræmi við húsin beggja vegna. Ekki var farið eftir þessu skilyrði árið 1958.

Húsið var í byggingu frá 1958-1960. Almennar Tryggingar byggðu húsið og höfðu skrifstofur sínar í húsinu. Á meðan húsið var í byggingu tryggði Reykjavíkurborg sér þrjár efstu hæðirnar til leigu í 10 ár og hafði þar skrifstofur. AT seldu Reykjavíkurborg húsið 1981. Borgarsjóður seldi síðan húsið Tómasi A. Tómassyni á árunum 1995 - 96, eiganda Hótel Borgar, sem hóf hótélrekstur í húsinu árið 1997.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Síðfúnkisstíll.**Menningarsögulegt gildi:** Húsið hefur lítt gildi.**Umhverfisgildi:** Framandi í götumynd, milli friðaðra húsa frá fyrri hluta 20. aldar.**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Jóhannes Józefsson
glímukappi

Hönnun Guðjón Samúelsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Hótel



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning sementsléttað
Pakgerð
Pakklæðning Hellur
Undirstöður

Útlit

Fimmlyft
Kjallari
Ris
Inng.skúr
Turn
Kvistir

Helstu breytingar

1930 Viðbygging
1960 Kvistur
1992 Endurgerð uppr.1.

Hönnuðir breytinga

Guðjón Samúelsson arkitekt
Hörður Bjarnason arkitekt
Páll Hjaltason arkitekt
Ingibjörg Pálmadóttir hönn.

Saga

Bygging Hótel Borgar hófst árið 1928 og lauk 1930. Jóhannes Józefsson reisti hótelið með óbeinum stuðningi ríkisins því þörf var á nýttu gistihúsi fyrir Alþingishátíðina árið 1930. Ríkið átti ekki fé fyrir byggingunni en Jóhannes bauðst til að reisa gistihúsið ef hann ætti vísan velvilja og óbeinan stuðning ríkisins og Reykjavíkurbæjar.

Húsið var fyrst virt árið 1930 og er þá fullgert og hefur verið eitt helsta hótél, samkomu- og veitingahús borgarinnar síðan. Þar er hinn svonefndi Gyllti salur, mjög skrautlega málaður og tveir minni salir. Myndir á veggjum og í lofti málaði Ágúst Lárusson málarí í samræmi við hönnun Guðjóns á salnum. Við byggingu á hótelinu tóku Jóhannes og Guðjón mið af góðum hótélum eins og þau gerðust þá í Evrópu. Byggingarstíll hússins er norræn nýklássík. Jóhannes fékk leyfi til að hækka turninn árið 1930.

Húsinu hefur verið lítið breytt að utan í tímans rás. Árið 1960 voru settir á það kvistir. Árin 1992 - 1993 voru gerðar endurbætur á hótelinu að innan til samræmis við upphaflega gerð. Árið 2001 var sótt um leyfi til að setja mansardþak á húsið og gera aðra kvistaröð fyrir ofan núverandi kvisti á austurhlíð og setja þak á turn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýklassík í steinsteypu.

Menningsögulegt gildi: Fyrsta nútíma hótelið í Reykjavík. Það var reist í tilefni Alþingishátíðarinnar 1930.

Umhverfisgildi: Húsið myndar mikilvæga heild með Austurstræti 14 og 16 og Pósthússtræti 3 og 5.

Upprunaleg gerð: Ytra byrði byggingarinnar er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Húsið er friðað skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.

Fyrsti eigandi Ókunnur**Hönnun** Guðmunudur Kr.
Ólafur Sigurðsson, arkit.**Upphafleg notkun**
Verslun, skrifstofa, íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Þrílyft
 Ris
 Kjallari
 Svalir

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Fyrst var byggt á lóðinni árið 1800 og var það torfbær. Símon Hansen lét rífa bæinn og reisti timburhús á lóðinni um 1823. Árið 1888 lét Kolbeinn Þorleifsson reisa húsið Pósthússtræti 13. Búið var í eldra húsinu fram yfir 1950 en árið 1960 gaf þáverandi eigandi Reykjavíkurborg það og var húsið flutt á Árbæjarsafn sama ár. Húsið sem Kolbeinn Þorleifsson byggði var rífið árið 1978.

Lóðinni hefur aldrei verið skipt heldur hefur hún verið talin ein lóð, Pósthússtræti 13-15.

Núverandi hús var reist árið 1983 og er þrí- og fjórlyft steinhús með hárríshæð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Húsið hefur lítið gildi.

Umhverfisgildi: Húsið hefur lítið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að varðveislunni þessa húss.

Fyrsti eigandi Dr. Jónas Jónassen
landlæknir

Hönnun Einar Erlendsson
húsameistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Pakgerð Mænisþak
Pakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Port
Útskot
Inng.skúr
Svalir

Helstu breytingar

1917 Endurbætur
1926 Kvistur

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið var reist á suðurhluta lóðarinnar Pósthússtræti 13-15, en árið 1921 var heiti hússins breytt í Skólabrú 1. Húsið byggði Jónas Jónassen, þá landlæknir fyrir dóttur sína Soffíu Claessen.

Húsið teiknaði Einar Erlendsson húsameistari og er það í sveitserstíl. Útskot eru á suðvesturhorni og suðurhlið. Suðaustur- og norðvesturhorn eru sneidd. Húsinu hefur verið lítillega breytt í gegnum tíðina, en þær breytingar hafa verið í samræmi við gerð hússins. Lengi voru læknastofur í húsinu og má þar nefna Kristján Sveinsson augnlækni. Í húsinu hefur undanfarin ár verið veitingastaður.

Húsið er hluti af umhverfi Dómkirkjunnar og tengist húsum við Skólabrú og Kirkjutorg.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fallegt og íburðarmikið sveitserhús.

Menningsögulegt gildi: Húsin Skólabrú 1 og 2 eru góð dæmi um borgarhús á fyrstu áratugum 20. aldar.

Umhverfisgildi: Hluti af mikilvægri heild í götumynd Skólabrúar og umhverfi dómkirkjunnar.

Upprunaleg gerð: Lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Húsið er hluti af götumynd Skólabrúar og nágrenni Dómkirkjunnar. Fallegt höfundarverk Einars Erlendssonar.**

Lagt er til að húsið verði friðað skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.

Fyrsti eigandi Ólafur Þorsteinsson
læknir

Hönnun Rögnvaldur Ólafsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Port
Ris
Kvistir
Kjallari
Inng.skúr
Svalir

Helstu breytingar

1925 Kjallaraglugga
breytt í dyr
1933 Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Guðmundur H. Þorláksson bygg.m

Saga

Húsið var reist á vesturhluta lóðar Lækjargötu 10 af Ólafi Þorsteinssyni lækni, en hann var sonur Þorsteins Tómassonar sem byggði Lækjargötu 10. Ólafur bjó í húsinu ásamt fjölskyldu sinni og hafði þar læknastofu. Húsið, sem teiknað er af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekt, er eitt af fyrstu steinsteypu íbúðarhúsum í Reykjavík. Þetta er einlyft hús með kjallara, porti, risi og tveimur kvistum, hornsneitt á norðvesturhorni. Við austurgafli hússins er sérstök forstofubygging með þaksvolum. Húsið er eitt elsta dæmið um íbúðarhús með sveigðum gaflbrúnum sem ná upp fyrir þakið, en sá stíll átti rætur sínar rekja til danskra nýbarokkhúsa. Í gerð hússins gætir og áhrifa júgendstíls og þjóðlegar rómantíkur sem algeng var í Danmörku í byrjun 20. aldar. Hér hefur höfundur leitast við að brjótast undan hefðbundinni húsagerð timburhúsanna og móta sjálfstæðan stíl fyrir steinsteyp hús. Húsið er lítið breytt frá upphaflegri gerð. Árið 1925 var þó kjallaraglugga á norðvesturhorni hússins breytt í dyr, en í þeim hluta kjallarans voru þrjú herbergi sem voru leigð út. Upphaflega var húsið einnig sementssléttað að utan og ljósmálað, en árið 1933 var settur á það hrafninnumulningur sem var þá kominn í tísku. Þá hefur sennilega verið múrað uppi munsturband sem gekk eftir veggjum hússins, neðan við þakskeggið. Húsið var í eigu fjölskyldu Ólafs til ársins 1984 og eftir að Ólafur lét af störfum ráku synir hans, Stefán og Þorsteinn, læknastofu og tannlæknastofu í húsinu. Um tíma leigði Háskóli Íslands hluta af húsinu, en árið 1984 keypti Alþingi það og hafði þar skjalasafn sitt til ársins 2000. Í dag (2005) er rekið þarna gistihús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýbarokkhús með júgendáhrifum.

Menningarögulegt gildi: Brautryðjendaverk í hönnun steinsteypuhúsa eftir Rögnvald Ólafsson.

Umhverfisgildi: Hluti af mikilvægri heild í umhverfi dómkirkjunnar, Skólabrúar og Kirkjutorgs.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð. Hrafninnusteinging hefur áunnið sér hefð.

Varðveislugildi: Lagt er til að húsið verði friðað skv. lögum um húsafríðun nr. 104/2001.